

FLÓRGOÐINN



FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

4. tbl. 15. árgangur



LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR



ALLIR ÞURFA AÐ LESA HEIMA

Áslandsskóli fylgir þeim lestrarviðmiðum sem sett hafa verið í Hafnarfirði. Samstarf við foreldra er afar mikilvægt og í raun forsendan fyrir því að markmiðið náist. Hlutverk ykkar sem foreldrar er að hvetja börnin til lesturs og sjá til þess að þau lesi daglega heima, hvort sem það er í skólabókum og/eða í bókum eða blöðum sem þau hafa valið sér. Mikilvægt er að hafa í huga að heimalestur er ekki eingöngu fyrir yngstu börnin, öll börn þurfa að lesa heima. Við fullorðna fólkíð erum fyrirmyndir og því gott ef við sýnum það í verki með því að lesa með börnunum eða fyrir þau.

„Ó voldugu álfkonur gefið nýfæddu barni mínu ekki aðeins heilsu, fegurð, ríkidæmi og allt hitt sem þið eruð vanar að koma stórmandi með – gefið barni mínu lestrarhungur“

(Astrid Lindgren)

FORRITUN FER Á FLUG

AF FORRITUN Í ÁSLANDSSKÓLA OG HUGSANLEGU
ERLENDU SAMSTARFI

Í fjölmiðlum landsins að undanförunu hafa birst greinar og viðtöl um hve nauðsynlegt er að taka forritun í skólum fastari tókum.

Ekki eru það aðeins upplýsinga- og tækni-menntakennarar sem benda á nauðsyn þess heldur hefur atvinnulífið kallað eftir aðgerðum og þá á öllum skólastigum. Tækni-geirinn og sérhæfð störf eru að færast meira og meira inná fyrirtækin sjálf stór sem smá og er talið að innan fárra ára verði mikill vöntun á fólk með tækni-menntun. Áslandsskóli hefur verið að stíga þessi skref hægt og rólega í gegnum árin. Forritun hefur verið hluti af menntun í tölvukennslu í lotum í allmörg ár og hefur komið meira inn í kennslu með tilkomu Ipad. Nú á haustdögum var ráðstefnan

Tækni og skólastarf haldin í Tallinn í Eistlandi á vegum Erasmus og átti Áslandsskóli þar fulltrúa, Steinbjörn Logason kennara. Afrakstur þeirra ráðstefnu er sá að hafin er vinna milli fimm

landa/skóla í Evrópu (Ísland,

Noregur, Finnland, Eistland og Spánn) um að skapa forritunarverkefni fyrir börn í yngrideild sem kennt er af börnum í miðdeild. Verkefnið kallast

CodeBotting og byggir á

spurningunni „Get ég?“

Áætlað er að umsókarferli ljúki snemma á næsta ári og verkefnið fari vonandi í gang á vordögum 2017. Það gætu því verið mjög spennandi tímar framundan og að forritunarkennsla fái þann sess sem nútíminn og framtíðin eru að kalla eftir í skólakerfinu.





MIKLAR FRAMFARIR Í LESTRI

Niðurstöður lestrarmælinga sýna miklar framfarir

Niðurstöður mælinga á lestrargetu nemenda í 5.-10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2015-2016 sýna að fjöldi getumikilla nemenda í lestri tvöfaldast og fjöldi nemenda sem þarf að efla lestrargetu sína minnkar verulega eða um 50%. Þetta eru niðurstöður sem sýna sig í mælingum á lestrargetu um 2.200 nemenda í grunnskólunum bæjarins á síðasta skólaári.

Mælingar voru gerðar á lestrargetu nemenda með lestrarprófum sem lögð voru fyrir umrædda nemendur í september, janúar og maí. Þar er lagt fyrir sama lestrarprófið fyrir sömu nemendur öll þrjú skiptin, en ekki sömu prófin fyrir nemendur eftir bekkjum því þau þyngjast með auknum aldri nemenda.

Lestrargetu nemenda er skipt í þrennt eftir ákveðnum viðmiðum sem hækka með auknum aldri. Lægsta viðmiðið metur að nemendur hafi þörf fyrir meiri lestrargetu, miðjuviðmiðið að lestrargeta nemenda sé viðunandi og hæsta viðmiðið að nemendur hafi (mjög) góða lestrargetu. Umrædd lestrargeta snýr að mælingum á lestrarhraða nemenda sem gefur ágætis forspá um lestrarhæfni þeirra.

Í septemberprófum 2015 voru 16% nemenda með mestu lestrargetuna, 22% nemenda í þörf fyrir meiri lestrargetu og 62% með

fullnægjandi lestrargetu. Í maí var hópurinn með mestu lestrargetuna orðinn 34%, sá í þörf fyrir meiri lestrargetu 12% og hópurinn með fullnægjandi getu 54% nemenda.

LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR

Mælingar á lestrargetu nemenda marka eftirlit og eftirfylgni við aukna lestraráherslu í Hafnarfirði.

Verkefnið Lestur er lífsins leikur var keyrt af stað í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2015-2016 með það að markmiði að auka lestrarhæfni nemenda, bæði lestrarhraða og lesskilning, sem endurspeglar þá getu þeirra í lestri á hverjum tíma. Í leik- og grunnskólum bæjarins er markviss kennsla í að efla málnotkun og lestrarhæfni nemenda og niðurstöður frá þessu fyrsta ári sýna að miklar framfarir hafi orðið. Þær veita sömuleiðis hvatningu til að halda áfram á þessari braut þar sem mikilvægt er að skólar og heimili vinni saman að enn betri árangri. Lestrarnám er stöðugt verkefni og lýkur ekki á neinum tímamarki. Áfram verður unnið að því að efla lestrarhæfni hafnfirskra barna svo allir fái nægan stuðning og tækifæri til að ná hámarksárangri í námi.

QUIZLET

Quizlet.com er vefur og einnig App sem er mikið notað í kennslu hér í Áslandsskóla og þá sérstaklega í kennslu tungumála.

Í Quizlet nota nemendur tæknina til að auðvelda sér að festa orð í minni, leika sér með orð og orðaforða og hægt að

prófa úr þeirri þekkingu sem nemendur afla sér í appinu.



LESSKILNINGUR

Um mikilvægi þess að skilja það sem maður les og hlustun foreldra

Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér.

Mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt; orðaforða, málsskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnspekkingar, námsvitund og aðrar aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla.

Það er því ekki nóg að hlusta eingöngu á barnið sitt lesa heldur er einnig mikilvægt að ræða við það að loknum lestri um hvað textinn hafi verið.



HEIMSÓKN Á BÓKASAFNIÐ

Nemendur í 4. bekk til fyrirmyndar á Bókasafni Hafnarfjarðar

Á alþjóðlegum degi læsis fór 4. bekkur í heimsókn og fræðslu á Bókasafn Hafnarfjarðar.

Þann dag var einmitt bókasafnsdagurinn haldinn hátíðlegur.

Eva Dögg Diego, starfsmaður á safninu, tók á móti nemendum og sýndi þeim allar deildir bókasafnsins.

Heimsóknin var skemmtileg og fræðandi og nemendur Áslandsskóla til fyrirmyndar.

Við þökkum Bókasafni Hafnarfjarðar kærlega fyrir góðar móttökur.

MYNDIR

Myndir frá ferð nemenda í 4. bekk á Bókasafn Hafnarfjarðar



KAHOOT

Kahoot er vefsíða þar sem hægt er að útbúa allskyns spurningaleiki á auðveldan hátt. Margir geta spilað saman í einu og notuð eru snjalltæki.

Það þarf að ná sér í notendanafn til að skrá sig inn, það er mjög fljótlega gert.

Sá sem stjórnar leiknum (t.d. kennarinn) fer inn á síðuna:

create.kahoot.com og er tengdur við skjávarpa svo að þátttakendur sjái spurningarnar. Þátttakendur (nemendur) fara þá inn á kahoot.it.



NORRÆNA SKÓLAHLAUPIÐ ÁSLANDSSKÓLI HLAUT ÚTDRÁTTARVERÐLAUN

Norræna skólahlaupið er haldið í 33. sinn í ár en með hlaupinu er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur gátu nú eins og áður valið um þrjár vegalengdir þ.e. 2,5 km, 5 km og 10 km. Hver þátttakandi og hver skóli fékk viðurkenningu þar sem tilgreindur var árangur í hlaupinu.

Í ár eins og í fyrra var ákveðið að draga út þrjá skóla sem tóku þátt og luku hlaupinu fyrir 1. október ásamt því að skila inn upplýsingum til ÍSÍ.

Þátttaka í hlaupinu hefur verið mjög góð en 50 skólar hafa nú þegar skilað inn niðurstöðum um hlaupið og voru með í útdrættinum. Blossi hjálpaði til við að draga út skólana ásamt Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastýru ÍSÍ og Ragnhildi Skúladóttur sviðsstjóra fræðslumála.

Skólarnir sem fá verðlaun að þessu sinni eru við í Áslandsskóli í Hafnarfirði, Húnavallaskóli í Húnavatnssýslu og Ölduselsskóli í Reykjavík. Hver þessara þriggja skóla fær 100.000 króna inneign í Altis, en Altis selur vörur til íþróttaiðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu.

SNJALLÚRIN HEIMA HAFA TRUFLANDI ÁHRIF

Borið hefur á að nemendur komi með svokölluð snjallúr í skólann.

Skólinn beinir því til foreldra að nemendur komi ekki með úrin í skólann.

Þessi regla gildir að sjálfsögðu einnig í frístundaheimili okkar Tröllaheimum.

Úrin hafa truflandi áhrif á skólastarf og athygli nemenda í skólanum.

A, B+

Það er kunnara en frá þurfi að segja að vinna við nýtt námsmat er í fullum gangi í skólanum.

Kennarar leggja á sig mikla vinnu við að temja sér nýjan hugsunarhátt við mat á vinnu nemenda og skil til þeirra með leiðbeinandi hætti.

Skólastjóri hélt á dögum kynningu fyrir foreldra skólans. Hann hefur líka haldið kynningu og samtal í báðum 10. bekkjum skólans.



Á döfinni

OKTÓBER & NÓVEMBER

5

20

21

7

10

16

21

OKT

Foreldradagur 5. okt
Vetrarfrí 20.-21. okt

NÓV

Vinavika 7. nóv
Skólalag 10. nóv
Dagur íslenskrar tungu 16. nóv
Skipulagsdagur 21. nóv

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri